

Á fundi háskólaráðs 4. apríl 1974 var samþykkt svofelld skipulagsskrá fyrir Háskólasjóð.

1. Sjóðurinn heitir Háskólasjóður og kemur í stað þess sjóðs, sem nefndur hefur verið Prófjaldasjóður. Tekur sjóðurinn við eignum Prófjaldasjóðs og tekjustofnum.
2. Tekjur sjóðsins eru: Gjöld utansafnaðarmanna, prófgjöld stúdenta, gjöld fyrir kandidatevottorð og doktorsskjöl, greiðslur fyrir seldar árbækur, svo og gjafir, sem háskólanum kunna að berast án þess að tiltekið sé, hvernig þeim skuli varið.
3. Fénu skal verja til að efla menningarstarfsemi innan háskólans, s. s. útgáfustarfsemi, fyrirlestrarhald fyrir almenning, tónleikahald og til annarrar menningarviðleitni, sem verðugt er að mati háskólaráðs. Einnig skal heimilt að leita til sjóðsins vegna óvæntra fjárþarfa háskólans, sem upp kunna að koma, þannig að ekki gefist ráðrúm til að afla fjár eftir venjulegum leiðum.
4. Háskólaráð fer með stjórn sjóðsins, tekur ákvarðanir um ávöxtun eigna hans og úthlutar fé í samræmi við 3. lið.
5. Reikning sjóðsins skal birta ár hvert í Árbók háskólans.

Stjórnvöld utan Háskóla Íslands þurfa ekki að staðfesta skipulagsskrá þessa, svo að ekkert er því til fyrirstöðu, að sjóðurinn geti tekið til starfa. Skv. 4. gr. skipulagsskrárinnar fer háskólaráð með ávöxtun og úthlutun úr sjóðnum. Þess er hér með farið á leit, að háskólaráð láti sjóðanefndinni í té fyrirmæli um, hvort nefndin skuli hafa einhver afskipti af málefnum skólasjóðs.

Virðingarfyllt,  
f. h. Sjóðanefndar Háskóla Íslands

Vilhjálmur G. Skúlason

Til háskólaráðs,  
Háskóla Íslands.